

Efnahags- og skattanefnd Alþingis  
Alþingi  
150 Reykjavík

Reykjavík, 27. febrúar 2009

**Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða o.fl. 321. mál, útgreiðsla séreignarsparnaðar.**

Landssamtök lífeyrissjóða vilja geta þess í upphafi umsagnarinnar að samtökin hafa í aðdraganda að undirbúningi við frumvarp þetta varað eindregið við því að opna fyrir séreignarsparnaðinn gagnvart rétthöfum, sem ekki hafa náð 60 ára aldri.

Með lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða voru lögfestar reglur um rekstur lífeyrissjóða og færð í lög heimild fyrir lífeyrissparnað í séreign.

Þegar fjallað er um lífeyrissparnað í séreign skiptir máli að skoða hann í samhengi við lífeyriskerfið almennt sem og að horfa til eðlis sparnaðarins og með hvaða hætti hann er ávaxtaður. Íslenska lífeyriskerfið byggir á svokölluðu þriggja stöða kerfi sem samanstendur af almannatryggingum, sjóðmynduðu samtryggingarkerfi og lífeyrissparnaði í séreign.

Í viðamikilli skýrslu sem byggð er á rannsóknum á lífeyriskerfum víða um heim og á ástandi og horfum í lífeyrismálum (1994) leggja sérfræðingar Alþjóðabankans áherslu á lífeyriskerfi sem byggt er á þremur stöðum:

- **1. stoð:** Opinbert kerfi með skylduaðild, fjármagnað með sköttum. Þetta svarar til almannatryggingakerfisins hér á landi.
- **2. stoð:** Uppistaða kerfisins verði sjóðssöfnunarkerfi með skylduaðild. Það sé rekið utan opinbera geirans en undir opinberu eftirliti. Þetta svarar til almennu lífeyrissjóðanna hér á landi.
- **3. stoð:** Frjáls einstaklingsbundinn sparnaður. Á t.d. við um sparnað einstaklinga hjá séreignasjóðum.

Augljóst er að íslenska lífeyriskerfið uppfyllir að flestu leyti þessa forskrift Alþjóðabankans enda stendur það að flestu leyti nokkuð vel og þykir til fyrirmyndar. Þá er athygli vakin á því að erlend matsfyrirtæki, OECD, aðrar alþjóðlegar stofnanir og aðrir sérfróðir aðilar hafa bent á fyrirkomulag og uppbyggingu íslenska lífeyriskerfisins sem einn af helstu styrkleikum íslenska hagkerfisins. Því má færa rök fyrir því að veiking eða afnám þriðju stöðar þess sé mjög til þess fallin að veikja forsendur lífeyriskerfisins og draga úr þeirri tiltrú sem framangreindir aðilar hafa á því og þýðingu þess fyrir framtíðarhorfur mála hér á landi. Ef opnað yrði fyrir úttekt lífeyrissparnaðar, þ.e. úr þriðju stöðinni, veikir það uppbyggingu

kerfisins mjög, eykur álag á almannatryggingarkerfið í framtíðinni og þar með skattbyrði komandi kynslóða.

### **Ávöxtun séreignarsparnaðar:**

Vörsluaðilar lífeyrissparnaðar í séreign geta verið lífeyrissjóðir, viðskiptabankar, sparisjóðir, líftryggingafélög og verðbréfafyrirtæki. Flestir vörsluaðilar ávaxta lífeyrissparnað viðskiptavina sinna í safni verðbréfa. Í mörgum tilvikum er rétt höfum boðið upp á fleiri en eina leið í því sambandi. Eins bjóða nokkrir lífeyrissjóðir og vel flestir viðskiptabankar og sparisjóðir upp á ávöxtun í innlánnum.

Varðandi sparnað sem ávaxtaður er í safni verðbréfa er mikilvægt að hafa í huga að slíkt safn er ekki mögulegt að innleysa að fullu á skömmum tíma án stórkostlegs tjóns fyrir þá sem sparnaðinn eiga. Ástæða þess að eignir eru ekki að fullu innleysanlegar með litlum fyrirvara eru fyrst og fremst þær að lífeyrissparnaður er að meginstefnu til langtímafjárfesting. Því er stýringu slíkra eignasafna hagað með þeim hætti að fjárfest er í verðbréfum sem reiknað er með að gefi góða ávöxtun til lengri tíma. Slík bréf eru í sumum tilvikum ekki mögulegt að innleysa með skömmum fyrirvara eða þá að það getur verið mjög óhagstætt sökum markaðsaðstæðna. Það má hins vegar almennt gera ráð fyrir því að betri ávöxtun náist yfir lengra tímabil með fjárfestingum í slíkum verðbréfum en ef eingöngu væri fjárfest í skammtímaverðbréfum sem hafa mikinn seljanleika. Því til viðbótar kemur að nú er viðbúið að vörsluaðilar eigi í söfnum sínum verðbréf sem hafa mun lægra markaðsvirði nú en ef þau yrðu innleyst síðar, vegna þess sérstaka efnahagsástands sem nú ríkir.

Viðbúið er að ef frumvarpið nær fram að ganga í óbreyttri mynd muni einhverjir vörsluaðilar séreignarsparnaðarins þurfa að nýta heimild til frestunar á útgreiðslum í samræmi við b-lið 3.gr. frumvarpsins. Það byggir á því að ef óskað er eftir innlausn verulegs hluta sparnaðar á skömmum tíma sé slík takmörkun nauðsynleg þar sem að einungis með þeim hætti sé hægt að tryggja jafnræði með þeim sem eru með sparnað sinn ávaxtaðan í mismunandi ávöxtunarleiðum séreignarsparnaðarins.

Landssamtökin telja reyndar nauðsynlegt að setja inn varanlegt ákvæði í lögina sem heimila sjóðum frestun útgreiðslna við sérstakar aðstæður til að tryggja jafnræði sjóðfélaga. Landssamtökin leggja því til að 3. gr. b liður verði ekki til bráðabirgða heldur verði sett inn í lögina sem sjálf.

### **Aðfararhæfi**

Landssamtök lífeyrisjóða vilja einnig vekja athygli á því að samkvæmt lögum er lífeyrissparnaður í séreign ekki aðfararhæfur. Það þýðir m.a. það að jafnvel þó einstaklingur lendi í greiðsluferfiðleikum og eftir atvikum gjaldþroti þá heldur hann óskertum lífeyrissparnaði sínum. Það byggir á þeirri hugsun að hér sé um framfærslufé að ræða. Verði einstaklingur heimilað að taka lífeyrissparnað sinn út í þeim tilgangi að mæta greiðsluferfiðleikum setur það kröfuhafa í sterka stöðu. Kröfuhafi getur hæglega krafist þess að viðkomandi skuldari nýti lífeyrissparnað sinn til lækkunar skulda og til að mynda sett það sem skilyrði fyrir skuldbreytingu eða öðrum aðgerðum. Skuldari getur þá, í þeirri viðleitni sinni að bjarga sínum málum, lent í því að nýta sparnað sinn til lækkunar skulda jafnvel þó það dugi ekki til þess að forða honum frá gjaldþroti. Ef til gjaldþrots kemur yrði staða hans sú að hann væri bæði orðinn gjaldþrota með þeim afleiðingum sem það hefur almennt og búinn að tapa lífeyrissparnaði sínum. Sparnaði sem ætlaður var til að standa undir hluta af framfærslu þegar til töku ellilífeyris kemur. Sú rýmkun reglna um úttekt lífeyrissparnaðar sem hér um ræðir þýðir því í raun að sparnaðurinn er gerður aðfararhæfur, þó svo sé ekki í lagalegum skilningi.

### **Samantekt**

Landssamtök lífeyrissjóða áréttu þá skoðun sína að þau mæla ekki með því að opna fyrir séreignarsparnaðinn til réttihafa yngri en 60 ára. Ef það er hins vegar ætlun stjórnvalda að opna fyrir útborgun séreignarsparnaðarins, þá telja LL engin efni til þess að rýmka þær reglur umfram þau ákvæði sem fram koma í frumvarpinu.

LL leggja sérstaka áherslu á að sett verði ákvæði í lífeyrissjóðalögin sem heimila séreignarsjóðum að takmarka útgreiðslur við sérstakar aðstæður til að tryggja jafnræði sjóðfélaga.

Þá vilja LL benda á að nauðsynlegt er að hlutlaus aðili, t.d. embætti Ríkisskattstjóra, hafi eftirlit með því að réttihafar innleysi ekki meira en lögbundið verður, t.d. með því að flytja eign milli vörsluaðila og innleysa allt að einni milljón hjá hverjum þeirra. Algengt er að réttihafar eigi séreignarsparnað hjá fleiri en einum vörsluaðila og því er nauðsynlegt, eins og áður segir, að miðlægt eftirlit sé með útborgun séreignarsparnaðarins..

Virðingarfyllst  
LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA  
